Nordisk Råd

A 1914/PRE

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Þingmannatillaga
um að auka vægi norræns samstarfs í löndunum

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að efna til sameiginlegra viðræðna ásamt Norðurlandaráði um það hvernig norrænu löndin geti í auknum mæli skuldbundið sig til að auka vægi norræns samstarfs.

Bakgrunnur

Norrænt samstarf er formgert með ýmsum samningum sem löndin hafa gert sín á milli. Starf Norðurlandaráðs lýtur Helsingforssamningnum en Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin vinna í sameiningu að norrænum lausnum sem þjóna hagsmunum almennings í löndunum.

Norðurlandaráð hefur aðeins ráðgefandi hlutverk gagnvart Norrænu ráðherranefndinni og ríkisstjórnum Norðurlanda en getur lagt fram tillögur og beint til þeirra fyrirspurnum. Norrænu ráðherranefndinni og ríkisstjórnum landanna ber að veita svör við tilmælum og skriflegum fyrirspurnum.

Norrænt samstarf hefur á síðustu áratugum sýnt hvers það er megnugt. Með pólítískum aðgerðum og tilmælum hafa Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin skapað aukin lífsgæði fyrir almenning á Norðurlöndum í menningarlegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti.

Á undanförnum árum hafa Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin lagt áherslu á það með endurnýjun og breytingum að norrænt samstarf verði lausnamiðaðra og fái aukið pólitískt vægi. Síðast í ágúst 2019 samþykktu leiðtogar norrænu ríkisstjórnanna sameiginlega framtíðarsýn um að Norðurlönd eigi að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims á árunum fram til 2030.

Þótt Norðurlönd megi vera stolt af mörgu og við eigum að standa vörð um og byggja á þeim árangri sem náðst hefur telur flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði þörf á að beina sjónum að því hvernig við getum þróað norrænt samstarf áfram, gert það meira skuldbindandi og aukið pólitískt vægi þess.

Öflugra Norðurlandasamstarf er mikilvægt til þess að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Með því að tryggja aukið vægi samstarfsins í löndunum getum við unnið að sameiginlegum lausnum sem þjóna hagsmunum almennings í löndunum.

Norðurlöndum, 25. mars 2022

Aksel V. Johannesen (Jvfl.)
Anders Kronborg (S)
Anna Vikström (S)
Annette Lind (S)
Birgitte Vind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Emilia Töyrä (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Lindh (S)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Viljanen (sd)
Jorodd Asphjell (A)
Karianne B. Bråthen (A)
Kim Kielsen (S)
Lars Mejern Larsson (S)
May Britt Lagesen (A)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per-Arne Håkansson (S)
Stein Erik Lauvås (A)
Tove Elise Madland (A)
Troels Ravn (S)
Truls Vasvik (A)